

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Hellissandur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 31. október 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að svæði fyrir þjónustustofnanir (O12) er stækkað í samræmi við lóð þjóðgarðsmiðstöðvar. Auk þess eru nýjar gönguleiðir skilgreindar á opnum svæðum til sérstakra nota og á óbyggðu svæði í þéttbýlinu og nágrenni þess.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 31. október 2008.*

**Þórunn Sveinbjarnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 14. nóvember 2008